

Mánudaginn 15. júnímán.
Nr. 21/1896. Rjettvísín

gegn

Sigurði Jónssyni, Jóni Halldórs-
syni, Jóni Bjarnasyni og Bjarna
Halldórssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu, upp-
kveðnum 2. desbr. f. á., voru hinir ákærðu Sig-
urður Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason
dæmdir eptir 238. gr. almennra hegningarlaga 25.
júni 1869 fyrir heimildarlausa hestabrukun til að
greiða 10 kr. sekt til landssjóðs hver þeirra, eða
til vara til að sæta 3 daga einföldu fangelsi; á-
kærði Bjarni Halldórsson var fyrir sama brot og
eptir sömu hegningarlagagrein sbr. við 38. gr.
dæmdur í 3 króna sekt til landssjóðs, og til vara
til að sæta eins dags einföldu fangelsi; þinn fimmti
maðurinn, Sigurgeir Bjarnason, er enn var ákærð-
ur í hjeradi fyrir sama brot, var sýknaður af
refsingu, en allir hinir ákærðu voru dæmdir til að
greiða allan kostnað málsins í hjeradi með $\frac{1}{5}$ hluta
hver þeirra. Þessum dómi hefur verið skotið til
yfirdómsins eptir beiðni hinna ákærðu Sigurðar
Jónssonar, Jóns Halldórssonar, Jóns Bjarnasonar
og Bjarna Halldórssonar.

Það er sannað með játningu hinna ákærðu
sjálfra og öðrum skýrslum í málinu, að Sigurður
Jónsson, Jón Halldórsson og Bjarni Halldórsson
tóku í heimildarleysi þrjá hesta, er bóndinn á
Hafrafelli átti tvo þeirra, en hafði einn á leigu;

tóku þeir hestana í túninu á Kirkjubóli hinn 23. sept. f. á. og riðu þeim á leið í fjallgöngur. Sigurður og Jón riðu hestunum fram í svo kallaðar Ártungur; tóku þá kl. 5—6, og slepptu þeim í Ártungunum kl. 8—9 fyrir hádegi. Bjarni reið hesti þeim, er hann tók, fram í svo kallaðan Engidal, og virðist það vera skemmri leið. Þessi hestur, er Bjarni skildi eptir í Engidal, komst sama daginn að Fossum, og þar tók hinn ákærði, Jón Bjarnason, hann í óleyfi og reið honum heimildarlaust í fjallgöngur; sleppti hann hestinum í Ártungunum, en þó neðar eða nær bæjum en þeir Sigurður og Jón Halldórsson slepptu hestum þeim, sem þeir riðu. Hinir ákærðu gjörðu enga ráðstöfun til þess að hestarnir kæmst til skila, og sögðu ekki eiginnda eða umráðamanni hestanna frá tiltektum sínum, en hann hefur krafizt þess, að þeir verði látnir sæta refsingu fyrir þær.

Þessi verknaður hinna ákærðu, sem eigi hafa áður verið dæmdir eða sætt refsingu fyrir nokkurt afbrot og sem allir eru komnir yfir lögdalur sakamanna, en Bjarni Halldórsson er fæddur 7. sept. 1880, heyrir undir 238. grein í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og ákvedst refsingin fyrir Sigurð Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason samkvæmt þessari lagagrein 6 kr. sekt til landssjóðs fyrir hvern þeirra, er afplánist með 3 daga einföldu fangelsi, og fyrir Bjarna Halldórsson samkvæmt sömu hegningarlöggrein með hliðsjón af 38. gr. 3 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 2 daga einföldu fangelsi. Ákvæði

undirrettardómsins um málskostnað samþykkjast. Svo ber og hinum ákærðu að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar allan in solidum, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lög-mæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason greiði hver þeirra 6 kr. sekt til landssjóðs, ella sæti 3 daga einföldu fangelsi hver, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ákærði Bjarni Halldórsson greiði 3 kr. sekt til landssjóðs, ella sæti 2 daga einföldu fangelsi, ef sektin öll eigi greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í hjerði skal aukarjettardómurinn vera óraskaður. Hinir ákærðu Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson, Jón Bjarnason og Bjarni Halldórsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, allir fyrir hvern þeirra og hver þeirra fyrir þá alla, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.